

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 95/2/EB

2002/EES/23/08

frá 20. febrúar 1995

## um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni(\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum <sup>(4)</sup>, einkum 2. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ósamræmi í landslögum milli aðildarríkjanna varðandi rotvarnarefni, þrávarnarefni og önnur aukefni og notkunarskilyrði þeirra hindrar frjálsa flutninga matvæla. Þetta gæti leitt til ójafna samkeppnisskilyrða.

Við setningu reglna um þessi aukefni í matvælum og notkunarskilyrða skal fyrst og fremst taka tillit til neytendaverndar.

Það er almennt viðurkennt að óunnin matvæli og tiltekin önnur matvæli skuli vera laus við aukefni.

Með hliðsjón af nýjustu vísindalegu og eiturefnafræðilegu upplýsingum um þessi efni skal einungis heimila sum þeirra í tilteknum matvælum og við tiltekin notkunarskilyrði.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2001 frá 26. október 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 9.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 206, 13. 8. 1992, bls. 12, og Stjtið. EB nr. C 189, 13. 7. 1993, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 108, 19. 4. 1993, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 26. maí 1993 (Stjtið. EB nr. C 176, 28. 6. 1993, bls. 117), staðfest 2. desember 1993 (Stjtið. EB nr. C 342, 20. 12. 1993), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. mars 1994 (Stjtið. EB nr. C 172, 24. 6. 1994, bls. 4) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. C 341, 5. 12. 1994).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27.

Nauðsynlegt er að setja strangar reglur um notkun aukefna í ungbarnablöndum, mjólkurstoðblöndum og afvenslunarfaðu fyrir ungbörn, eins og um getur í tilskipun ráðsins 89/398/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfæði <sup>(5)</sup>, einkum e-lið 1. mgr. 4. gr.

Tilskipuninni er ekki ætlað að hafa áhrif á reglur um sætu- og litarefni.

Á meðan beðið er sérákvæða samkvæmt tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(6)</sup>, og samkvæmt tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(7)</sup>, tekur þessi tilskipun til bráðabirgða til tiltekinna efna sem falla undir þennan flokk.

Framkvæmdastjórnin skal laga bandalagsákvæðin að reglunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Samráð hefur verið haft við vísindanefnd um matvæli vegna þeirra efna sem bandalagsákvæðið tekur ekki enn þá til.

Nauðsynlegt er að í þessari tilskipun verði sérákvæði um aukefni sem um getur í öðrum bandalagsákvæðum.

Æskilegt er að farið sé eftir umsögn fastanefndarinnar um matvæli þegar ákvörðun er tekin um hvort tiltekin matvæli tilheyri ákveðnum flokki matvæla.

Breytingar á gildandi hreinleikaskilyrðum vegna aukefna í matvælum, annarra en litarefna og sætuefna, og nýjar forskriftir þar sem hreinleikaskilyrði eru ekki fyrir hendi verða

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 186, 30. 6. 1989, bls. 27.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 (Stjtið. EB nr. L 366, 15. 12. 1992, bls. 10).

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 350, 14. 12. 1990, bls. 71.

samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr. tilskipunar 89/107/EBE.

Vísindanefndin um matvæli hefur ekki enn skilað álit um mjölmeðhöndlunarefni. Fjallað verður um þau efni í annarri tilskipun.

Tilskipun þessi kemur í stað tilskipana 64/54/EBE <sup>(1)</sup>, 70/357/EBE <sup>(2)</sup>, 74/329/EBE <sup>(3)</sup> og 83/463/EBE <sup>(4)</sup>. Tilskipanir þessar falli hér með úr gildi.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### *I. gr.*

1. Tilskipun þessi er sértilskipun, sem er hluti af heildartilskipun í skilningi 3. gr. tilskipunar 89/107/EBE, og gildir um önnur aukefni en litarefni, sætuefni og mjölmeðhöndlunarefni.

2. Einungis er heimilt að nota aukefni í matvæli sem uppfylla kröfurnar sem vísindanefnd um matvæli mælir fyrir um.

3. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „rotvarnarefni“: efni sem lengja geymsluþol matvæla með því að vernda þau gegn skemmdum af völdum örvera;
- b) „þráavarnarefni“: efni sem lengja geymsluþol matvæla með því að vernda þau gegn skemmdum af völdum oxunar, t.d. þránun og litabreytingum;
- c) „burðarefni“ (einnig leysiefni sem eru notuð sem burðarefni): efni sem leysa upp, þynna, dreifa eða breyta á annan eðlisfræðilegan hátt aukefnum í matvælum án þess að breyta tæknilegu hlutverki þeirra (og án þess að beita nokkrum tæknilegum áhrifum) í því skyni að auðvelda meðhöndlun þeirra, íblöndun eða notkun;
- d) „sýrur“: efni sem auka súrleika matvæla og/eða gefa þeim súrt bragð;
- e) „sýrustillar“: efni sem breyta eða stjórna sýrustigi matvæla;
- f) „kekkjavarnarefni“: efni sem draga úr þeirri tilhneigingu einstakra agna í matvælum að loða hver við aðra;

- g) „froðueyðir“: efni sem hindra eða draga úr froðumyndun;
- h) „umfangsaukar“: efni sem auka rúmmál matvæla án þess að auka orkugildi þeirra verulega;
- i) „ýruefni“: efni sem eru notuð til að búa til eða halda við einsleitri blöndu úr tveimur eða fleiri efnum sem blandast annars ekki saman, svo sem olíu og vatni í matvælum;
- j) „bræðslusölt“: efni sem breyta prótínum í osti í dreift form og við það fæst einsleit dreifing fitu og annarra efnisþátta;
- k) „festuefni“: efni, sem halda vefjum aldina og grænmetis stínum eða stökkum, eða efni sem ásamt hleypiefnum mynda eða styrkja hlaup;
- l) „bragðaukandi efni“: efni sem auka bragð og/eða lykt matvæla;
- m) „freyðiefni“: efni sem valda því að lofttegund getur verið í einsleitri blöndu í fljótandi eða föstum matvælum;
- n) „hleypiefni“: efni sem gefa matvælum þykkt og hlaupkennda áferð;
- o) „húðunarefni“ (einnig smurefni): efni sem eru borin á matvæli til að gefa þeim gljáandi áferð eða mynda um þau verndandi hjúp;
- p) „rakaefni“: efni sem varna því að matvæli þorni upp með því að vinna á móti áhrifum þurrs umhverfis eða efni sem stuðla að því að duft leysist upp í vatni;
- q) „umbreytt sterkjusambönd“: efni sem fást með sérstakri meðhöndlun, sem getur verið margþætt, úr ætri sterkju sem hefur ef til vill verið meðhöndluð á eðlisfræðilegan hátt eða með ensínum og sem hefur verið breytt í fljótandi form með sýru eða basa eða verið bleikt;
- r) „loftskiptar“: lofttegundir aðrar en andrúmsloft sem eru settar í ílát áður en, á meðan eða eftir að matvæli eru sett í þau;
- s) „drifefni“: lofttegundir aðrar en andrúmsloft sem þrýsta matvælum úr ílát;
- t) „lyftiefni“: efni eða efnasamsetningar sem láta frá sér lofttegundir og auka með því rúmmál deigs eða soppu;
- u) „tengiefni“: efni sem mynda efnaflóka með málmjónum;
- v) „stöðgari (bindiefni)“: efni sem er notað til að halda við eðlisefnafræðilegu ástandi matvæla. Til stöðgara teljast efni sem draga úr líkum á aðskilnaði mismunandi

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 12. 27. 1. 1964, bls. 161/64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 157, 18. 7. 1970, bls. 31

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 189, 12. 7. 1974, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 255, 15. 9. 1983, bls. 1.

- efnisþátta í einsleitri ýrulausn í matvælum, sem blandast ekki saman, og enn fremur efni sem stöðga, halda við eða styrkja litarefni sem fyrir eru í matvælum;
- w) „þykkingarefni“: efni sem auka seigju matvæla.
4. Mjölmeðhöndlunarefni, önnur en ýruefni, eru efni sem er bætt út í mjöl eða deig til að auka gæði bakstursins.
5. Í þessari tilskipun telst eftirfarandi ekki til aukefna í matvælum:
- a) efni notuð til meðhöndlunar á drykkjarvatni eins og kveðið er á um í tilskipun 80/778/EBE<sup>(1)</sup>;
- b) vörur sem innihalda pektín og eru unnar úr þurrkuðu eplahrati eða berki sitrusávaxta, eða blöndu úr hvoru tveggja, með þynntri sýru sem síðan er hlutleysst að hluta með natríum- eða kalíumsöltum („fljótandi pektíni“);
- c) tyggigúmmigrunnur;
- d) hvítt eða gult dextrín, brennd eða dextrínbætt sterkja, sterkja breytt með sýru- eða basameðferð, bleikt sterkja, sterkja sem hefur verið breytt á annan hátt og sterkja meðhöndluð með amýlkljófandi ensíum;
- e) ammoníumklóríð;
- f) blóðvökvi, gelatín til neyslu, vatnsrofsefni prótína og sölt þeirra, mjólkurprótín og glúten;
- g) aminosýrur og sölt þeirra önnur en glútaminsýra, glýsín, systeín og systín og sölt þeirra sem gegna ekki neinu hlutverki sem aukefni;
- h) kasínót og ostefni;
- i) inúlín.
- a) — óunnin matvæli,  
— hunang eins og það er skilgreint í tilskipun 74/409/EBE<sup>(2)</sup>,  
— olfur og feiti úr dýra- eða jurtaríkinu, ekki ýrðar,  
— smjör,  
— gerilsneydda og dauðhreinsaða (einnig leifturhitaða (UHT)) mjólk og rjóma (einnig undanrennu, nýmjólk og léttmjólk),  
— óbragðbættar mjólkurafurðir með lifandi gerlum,  
— ölkelduvatn, eins og það er skilgreint í tilskipun 80/777/EBE<sup>(3)</sup>, og uppsprettuvatn,  
— kaffi (að undanskildu bragðbættu skyndikaffi) og kaffikjarna,  
— óbragðbætt telauf,  
— sykrur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 73/437/EBE<sup>(4)</sup>,  
— þurrt pasta,  
— náttúrlegar, óbragðbættar áfir (að undanskildum gerilsneyddum áfum).

Í skilningi þessarar tilskipunar merkir orðið „óunninn“ að viðkomandi matvæli hafi ekki verið meðhöndluð þannig að verulegar breytingar hafi orðið á upprunalegu ástandi þeirra. Hins vegar er hugsanlegt að þau hafi til dæmis verið stykkjuð, hlutuð í sundur, klofin, úrbeinuð, hökkuð, hamflett, skræld, flysjuð, mulin, skorin, hreinsuð, snyrt, djúpfryst, fryst, kæld, möluð eða afhýdd, sett í umbúðir eða tekin úr umbúðum;

b) mat fyrir ungbörn og börn eins og um getur í tilskipun 89/398/EBE, þar með talinn matur fyrir kornabörn og ung börn sem eru ekki við góða heilsu. Þessi matvæli heyra undir ákvæði VI. viðauka;

c) matvælin, sem skráð eru í II. viðauka, sem mega aðeins innihalda þau aukefni sem um getur í þeim viðauka og í III. og IV. viðauka og samkvæmt þessum skilyrðum.

4. Aðeins er heimilt að nota aukefni, sem tilgreind eru í III. og IV. viðauka, í þau matvæli sem tilgreind eru í þeim viðaukum og samkvæmt þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind.

5. Aðeins er heimilt að nota þau aukefni, sem skráð eru í V. viðauka, sem burðarefni eða leysiefni fyrir aukefni í matvælum og ber að nota þau samkvæmt skilyrðunum sem þar eru tilgreind.

6. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu einnig gilda um samsvarandi matvæli, sem eru ætluð til sérstakrar næringar, í samræmi við tilskipun 89/398/EBE.

7. Hámarks magn, sem gefið er upp í viðaukunum, á við um matvæli eins og þau eru markaðssett nema kveðið sé á um annað.

## 2. gr.

1. Í matvæli er einungis heimilt að nota þau efni sem skráð eru í I., III., IV. og V. viðauka í þeim tilgangi sem um getur í 3. mgr. 1. gr.

2. Aukefni í matvælum, sem eru skráð í I. viðauka, eru leyfð í matvælum í þeim tilgangi sem um getur í 3. mgr. 1. gr., að undanskildum þeim matvælum sem skráð eru í II. viðauka samkvæmt meginreglunni „*quantum satis*“.

3. Ef annað er ekki sérstaklega tekið fram gildir 2. mgr. ekki um:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 221, 12. 8. 1974, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 356, 27. 12. 1973, bls. 71.

8. Í viðaukunum við þessa tilskipun merkir „*quantum satis*“ að ekkert hámarks magn sé tilgreint. Aukefni skal þó nota í samræmi við góða framleiðsluhætti og skammtar ekki vera stærri en nauðsynlegt er til að ná því marki sem stefnt er að og tilskilið er að ekki sé villt um fyrir neytandanum.

3. gr.

1. Heimilt er að setja aukefni í matvæli sem hér segir:

- í matvælablöndur, aðrar en þær sem nefndar eru í 3. mgr. 2. gr., að því tilskildu að aukefnið sé heimilað í einhverju innihaldsefna samsettu matvælna, eða
- ef nota á matvælin eingöngu við framleiðslu á matvælablöndum sem samræmast þessari tilskipun og að því gefnu að matvælablöndurnar séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Eins og um getur í tilskipun 89/398/EBE gildir 1. mgr. ekki um ungbarnablöndur, mjólkurstoðblöndur og afvenslunarfaðu fyrir ungbörn nema þar sem sérstaklega er kveðið á um það.

4. gr.

Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um sértilskipanir sem heimila notkun aukefna sem skráð eru í viðaukum og nota á sem sætuefni eða litarefni.

5. gr.

Ef nauðsyn ber til er heimilt að beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 6. gr. þessarar tilskipunar til að skera úr um:

- hvort tiltekin matvæli, sem ekki voru flokkuð þegar þessi tilskipun var samþykkt, falla undir matvælaflokk sem getið er um í 2. gr. eða í einhverjum viðaukanna, eða
- hvort aukefni í matvælum, sem tilgreind eru í viðaukunum og eru leyfileg miðað við „*quantum satis*“, eru notuð í samræmi við skilyrðin sem um getur í 2. gr., eða
- hvort efni er aukefni í matvælum í skilningi 1. gr.

6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE <sup>(1)</sup>, hér á eftir kölluð „nefndin“, þegar fylgja á þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Formanni nefndarinnar ber að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

4. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

- b) Ef fyrirhugaðar ráðstafanir eru ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitnið ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umráðum ráðstöfunum.

7. gr.

Aðildarríkin skulu koma á fót kerfi, til að fylgjast með neyslu og notkun aukefna í matvælum, innan þriggja ára frá því að þessi tilskipun öðlast gildi og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður sínar.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um breytingar sem hafa orðið á markaðnum um aukefni í matvælum, notkun þeirra og neyslu innan fimm ára frá því að tilskipunin öðlast gildi.

Í samræmi við almennar viðmiðanir í 4. lið II. viðauka tilskipunar 89/107/EBE skal framkvæmdastjórnin endurskoða notkunarskilyrðin sem um getur í tilskipun þessari og leggja til breytingar, þar sem þörf er á, innan fimm ára frá því að tilskipunin öðlast gildi.

8. gr.

1. Tilskipanir 64/54/EBE, 70/357/EBE, 74/329/EBE og 83/463/EBE falli hér með úr gildi.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 291, 19.11.1969, bls. 9.

2. Héðan í frá skal líta á niðurfelldu tilskipanirnar og hreinleikaskilyrðin fyrir tiltekin aukefni í matvælum, sem vísað er til í þeim, sem tilvísanir í þessa tilskipun.

*9. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 25. september 1996 í því skyni að:

- heimila, eigi síðar en 25. september 1996, viðskipti með og notkun vara sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar;
- banna, eigi síðar en 25. mars 1997, viðskipti með vörur og notkun vara sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar. Þó er heimilt að versla með vörur sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma, þótt þær séu ekki í samræmi við tilskipun þessa, þar til birgðir eru uppnar.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*10. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*11. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. febrúar 1995.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

K. HAENSCH

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. PUECH

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

**AUKEFNI SEM VENJULEGA ER HEIMILT AÐ NOTA Í MATVÆLUM OG EKKI GETUR UM Í 3. MGR.  
2. GR.**

*Athugasemd:*

1. Heimilt er að setja þau efni, sem talin eru upp í þessari skrá, í öll matvæli að frátöldum þeim sem um getur í 3. mgr. 2. gr. samkvæmt meginreglu um „*quantum satis*“.
2. Heimilt er að staðla efni, sem gefin eru upp undir númerunum E 407 og E 440, með sykrum ef þau eru tilgreind sem viðbót við númerið og heitið.
3. Skýring á táknum sem eru notuð:
  - \* Heimilt er að nota efnin E 290, E 938, E 939, E 941, E 942 og E 948 í matvælin sem um getur í 3. mgr. 2. gr.
  - # Ekki er heimilt að nota efnin E 410, E 412, E 415 og E 417 til að framleiða þurrkuð matvæli sem eiga að endurvattast fyrir neyslu.

E-númer	Heiti
E 170	Kalsíumkarbónöt i) Kalsíumkarbónat ii) Kalsíumvetniskarbónat
E 260	Ediksýra
E 261	Kalíumasetat
E 262	Natríumasetöt i) Natríumasetat ii) Natríumvetnisasetat (natríumdíasetat)
E 263	Kalsíumasetat
E 270	Mjólkursýra
E 290	Koltvísýringur*
E 296	Eplásýra
E 300	Askorbínsýra
E 301	Natríumaskorbat
E 302	Kalsíumaskorbat
E 304	Askorbínsýruestrar af fitusýrum i) Askorbýlpalmitat ii) Askorbýlsterat
E 306	Tókóferólauðugur kjarni
E 307	Alfa-tókóferól
E 308	Gamma-tókóferól
E 309	Delta-tókóferól
E 322	Lesítín
E 325	Natríumlaktat
E 326	Kalíumlaktat
E 327	Kalsíumlaktat
E 330	Sítrónusýra

E-númer	Heiti
E 331	Natríumsítröt (i) Mónónatríumsítrat (ii) Dínatríumsítrat (iii) Trínatríumsítrat
E 332	Kalíumsítröt (i) Mónókalíumsítrat (ii) Tríkalíumsítrat
E 333	Kalsíumsítröt (i) Mónókalsíumsítrat (ii) Díkalsíumsítrat (iii) Tríkalsíumsítrat
E 334	Vinsýra (L(+)-)
E 335	Natríumtartröt (i) Mónónatríumtartrat (ii) Dínatríumtartrat
E 336	Kalíumtartröt (i) Mónókalíumtartrat (ii) Díkálíumtartrat
E 337	Natríumkalíumtartrat
E 350	Natríummälöt (i) Natríummälát (ii) Natríumvetnismälát
E 351	Kalíummälát
E 352	Kalsíummälöt (i) Kalsíummälát (ii) Kalsíumvetnismälát
E 354	Kalsíumtartrat
E 380	Tríammoníumsítrat
E 400	Algínsýra
E 401	Natríumalgínat
E 402	Kalíumalgínat
E 403	Ammoníumalgínat
E 404	Kalsíumalgínat
E 406	Agar
E 407	Karragenan
E 410	Karóbgúmmí #
E 412	Gúargúmmí #
E 413	Tragakant
E 414	Arabískt gúmmí (akasiúgúmmí)
E 415	Xantangúmmí #
E 417	Taragúmmí #
E 418	Gellangúmmí
E 422	Glýseról
E 440	Pektín (i) Pektín (ii) Amíðað pektín

E-númer	Heiti
E 460	Sellulósi (i) Örkristallaður sellulósi (ii) Sellulósi í duftformi
E 461	Metýlsellulósi
E 463	Hýdroxýprópýlsellulósi
E 464	Hýdroxýprópýlmetýlsellulósi
E 465	Etýlmetýlsellulósi
E 466	Karbóxy-metýlsellulósi Natríumkarbóxy-metýlsellulósi
E 470a	Natríum-, kalíum- og kalsíumsölt af fitusýrum
E 470b	Magnesíumsölt af fitusýrum
E 471	Mónó- og díglýseríð af fitusýrum
E 472a	Edíksýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum
E 472b	Mjólkursýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum
E 472c	Sítrónusýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum
E 472d	Vínsýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum
E 472e	Mónó- og díasetýlvínsýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum
E 472f	Blandaðir edíksýru- og vinsýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum
E 500	Natríumkarbónöt (i) Natríumkarbónat (ii) Natríumvetniskarbónat (iii) Natríumseskvíkarbónat
E 501	Kalíumkarbónöt (i) Kalíumkarbónat (ii) Kalíumvetniskarbónat
E 503	Ammoníumkarbónöt (i) Ammoníumkarbónat (ii) Ammoníumvetniskarbónat
E 504	Magnesíumkarbónöt (i) Magnesíumkarbónat (ii) Magnesíumhýdroxíðkarbónat (samheiti: magnesíumvetniskarbónat)
E 507	Saltsýra
E 508	Kalíumklóríð
E 509	Kalsíumklóríð
E 511	Magnesíumklóríð
E 513	Brennisteinssýra
E 514	Natríumsúlföt (i) Natríumsúlfat (ii) Natríumvetnissúlfat
E 515	Kalíumsúlföt (i) Kalíumsúlfat (ii) Kalíumvetnissúlfat
E 516	Kalsíumsúlfat
E 524	Natríumhýdroxíð
E 525	Kalíumhýdroxíð



E-númer	Heiti
E 526	Kalsíumhýdroxíð
E 527	Ammoníumhýdroxíð
E 528	Magnésíumhýdroxíð
E 529	Kalsíumoxíð
E 530	Magnésíumoxíð
E 570	Fítusýrur
E 574	Glúkonsýra
E 575	Glúkonó-delta-lakton
E 576	Natríumglúkonat
E 577	Kalíumglúkonat
E 578	Kalsíumglúkonat
E 640	Glýsín og natríumsölt þess
E 938	Argon*
E 939	Helíum*
E 941	Köfnunarefni*
E 942	Köfnunarefnisoxíð*
E 948	Súrefni*
E 1200	Pólýdextrósi
E 1404	Oxuð sterkja
E 1410	Mónósterkjufosfat
E 1412	Dísterkjufosfat
E 1413	Fosfatað dísterkjufosfat
E 1414	Asetýlað dísterkjufosfat
E 1420	Sterkjuasetat
E 1422	Asetýlað dísterkjuadípát
E 1440	Hýdroxýprópýlsterkja
E 1442	Hýdroxýprópýldísterkjufosfat
E 1450	Sterkjunatríumoktenýlsúksínat

## II. VIÐAUKI

## MATVÆLI ÞAR SEM AÐEINS ER HEIMILT AÐ NOTA TAKMARKAÐAN FJÖLDA AF AUKEFNUM SEM UM GETUR Í I. VIÐAUKA

Matvæli	Aukefni	Hámarks magn	
Kakó- og súkkulaðivörur samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 73/241/EBE <sup>(1)</sup>	E 330 Sítrónusýra	0,5%	
	E 322 Lesítín	<i>quantum satis</i>	
	E 334 Vínsýra	0,5%	
	E 422 Glýseról	<i>quantum satis</i>	
	E 471 Móno- og díglýseríð af fitusýrum	<i>quantum satis</i>	
	E 170 Kalsíumkarbónöt	7% af þurrefni án fitu, gefið upp sem kalíumkarbónöt	
	E 500 Natríumkarbónöt		
	E 501 Kalíumkarbónöt		
	E 503 Ammoníumkarbónöt		
	E 504 Magnésíumkarbónöt		
	E 524 Natríumhýdroxíð		
	E 525 Kalíumhýdroxíð		
	E 526 Kalsíumhýdroxíð		
	E 527 Ammoníumhýdroxíð		
	E 528 Magnésíumhýdroxíð		
	E 530 Magnésíumoxíð		
E 414 Arabískt gúmmí	eingöngu sem húðunarefni		
E 440 Pektín	<i>quantum satis</i>		
Aldin- og nektarsafi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 93/77/EBE <sup>(2)</sup>	E 300 Askorbínsýra		<i>quantum satis</i>
Ananassafi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 93/77/EBE	E 296 Eplasyra		3 g/l
Nektarsafi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 93/77/EBE	E 330 Sítrónusýra	5 g/l	
	E 270 Mjólkursýra	5 g/l	
Greipaldinsafi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 93/77/EBE	E 170 Kalsíumkarbónöt	<i>quantum satis</i>	
	E 336 Kalíumtartrot	<i>quantum satis</i>	
Aldinsafi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 93/77/EBE	E 330 Sítrónusýra	3 g/l	
Sulta í sérflokki og hlaup í sérflokki samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 79/693/EBE <sup>(3)</sup>	E 440 Pektín	<i>quantum satis</i>	
	E 270 Mjólkursýra	<i>quantum satis</i>	
	E 296 Eplasyra		
	E 300 Askorbínsýra		
	E 327 Kalsíumlaktat		
	E 330 Sítrónusýra		

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.

Í II. viðauka er ekki fjallað um kakó- og súkkulaðivörur sem eru orkusnaugar eða án viðbættis sykurs.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 244, 30. 9. 1993, bls. 23.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 5.

Matvæli	Aukeyni	Hámarks magn
	E 331 Natríumsítröt E 333 Kalsíumsítröt E 334 Vínsýra E 335 Natríumtartröt E 350 Natríummälöt	<i>quantum satis</i>
	E 471 Mónó- og díglýseríð af fitusýrum	<i>quantum satis</i>
Aldinsulta, ávaxtaflaup og -mawk samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 79/693/EBE og aðrar sambærilegar vörur úr aldinum, einnig vörur með fáum hitaeiningum	E 440 Pektín E 270 Mjólkursýra E 296 Eplasyra E 300 Askorbínsýra E 327 Kalsíumlaktat E 330 Sítrónusýra E 331 Natríumsítröt E 333 Kalsíumsítröt E 334 Vínsýra E 335 Natríumtartröt E 350 Natríummälöt	<i>quantum satis</i>
	E 400 Algínsýra E 401 Natríumalgínat E 402 Kalíumalgínat E 403 Ammoníumalgínat E 404 Kalsíumalgínat E 406 Agar E 407 Karragenan E 410 Karóbgúmmí E 412 Gúargúmmí E 415 Xantangúmmí E 418 Gellangúmmí	10 g/kg (hvert um sig eða í samsetningum)
	E 509 Kalsíumklóríð E 524 Natríumhýdroxíð	<i>quantum satis</i>
Hálf- eða fullþurrkuð mjólk samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 76/118/EBE <sup>(1)</sup>	E 300 Askorbínsýra E 301 Natríumaskorbat E 304 Askorbínsýruestrar af fitusýrum E 322 Lesítín E 331 Natríumsítröt E 332 Kalíumsítröt E 407 Karragenan E 500 ii) Natríumbíkarbónat E 501 ii) Kalíumbíkarbónat E 509 Kalsíumklóríð	<i>quantum satis</i>

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 49.

Matvæli	Aukefni	Hámarks magn
Dauðhreinsaður, gerilsneyddur og leifturhitaður rjómi og dauðhreinsaður, fituskertur rjómi	E 270 Mjólkursýra	<i>quantum satis</i>
	E 322 Lesítín	
	E 325 Natríumlaktat	
	E 326 Kalíumlaktat	
	E 327 Kalsíumlaktat	
	E 330 Sítrónusýra	
	E 331 Natríumsítröt	
	E 332 Kalíumsítröt	
	E 333 Kalsíumsítröt	
	E 400 Algínsýra	
	E 403 Ammoníumalgínat	
	E 404 Kalsíumalgínat	
	E 406 Agar	
	E 407 Karragenan	
	E 410 Karóbgúmmi	
	E 415 Xantangúmmi	
	E 440 Pektín	
	E 460 Sellulósi	
	E 461 Metýlsellulósi	
	E 463 Hýdroxýprópýlsellulósi	
	E 464 Hýdroxýprópýlmetýlsellulósi	
	E 465 Etýlmetýlsellulósi	
	E 466 Karboxýmetýlsellulósi Natríumkarboxýmetýlsellulósi	
	E 471 Mónó- og díglýseríð af fitusýrum	
	E 508 Kalíumklóríð	
	E 509 Kalsíumklóríð	
	E 1404 Oxuð sterkja	
	E 1410 Mónósterkjufosfat	
	E 1412 Dísterkjufosfat	
	E 1413 Fosfatað dísterkjufosfat	
	E 1414 Asetýlað dísterkjufosfat	
	E 1420 Sterkjuasetat	
	E 1422 Asetýlað dísterkjuadipat	
E 1440 Hýdroxýprópýlsterkja		
E 1442 Hýdroxýprópýldísterkjufosfat		
E 1450 Sterkjunatríumoktenýlsúksínat		
Fryst og djúpfryst, óunnin aldin og grænmeti	E 300 Askorbínsýra	<i>quantum satis</i>
	E 301 Natríumaskorbat	
	E 302 Kalsíumaskorbat	
	E 330 Sítrónusýra	

Matvæli	Aukefni	Hámarks magn
(Niður)soðnir ávextir Óunninn fiskur, krabbadýr og lindýr, einnig slíkar vörur frystar og djúpfrystar	E 331 Natríumsítröt	<i>quantum satis</i>
	E 332 Kalíumsítröt	
	E 333 Kalsíumsítröt	
Fljótsoðin hrísgrjón	E 471 Mónó- og díglýseríð af fitusýrum	<i>quantum satis</i>
	E 472a Edíksýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum	
Óýrð olía og feiti úr dýra- eða jurtaríkinu (að undanskilinni jómfrúr- olíu og ólífuolíu)	E 304 Askorbínsýruestrar af fitusýrum	<i>quantum satis</i>
	E 306 Tókóferólauðugur kjarni	
	E 307 Alfa-tókóferól	
	E 308 Gamma-tókóferól	
	E 309 Delta-tókóferól	
	E 322 Lesítín	30 g/l
	E 471 Mónó- og díglýseríð af fitusýrum	10 g/l
	E 330 Sítrónusýra	<i>quantum satis</i>
	E 331 Natríumsítröt	
	E 332 Kalíumsítröt	
E 333 Kalsíumsítröt		
Hreinsuð ólífuolía, einnig ólífuhratolía	E 307 Alfa-tókóferól	200 mg/l
Proskaður ostur	E 170 Kalsíumkarbónöt	<i>quantum satis</i>
	E 504 Magnésíumkarbónöt	
	E 509 Kalsíumklóríð	
	E 575 Glúkónó-delta-lakton	
Mozzarella og mysuostur	E 270 Mjólkursýra	<i>quantum satis</i>
	E 330 Sítrónusýra	
	E 575 Glúkónó-delta-lakton	
Niðursoðin aldin og grænmeti í dösum eða krukum	E 260 Edíksýra	<i>quantum satis</i>
	E 261 Kalíumasetöt	
	E 262 Natríumasetöt	
	E 263 Kalsíumasetat	
	E 270 Mjólkursýra	
	E 300 Askorbínsýra	
	E 301 Natríumaskorbat	
	E 302 Kalsíumaskorbat	
	E 325 Natríumlaktat	
	E 326 Kalíumlaktat	
	E 327 Kalsíumlaktat	
	E 330 Sítrónusýra	
	E 331 Natríumsítröt	
	E 332 Kalíumsítröt	

Matvæli	Aukefni	Hámarks magn
	E 333 Kalsíumsítröt E 334 Vínsýra E 335 Natríumtartröt E 336 Kalíumtartröt E 337 Natríumkalíumtartrat E 509 Kalsíumklóríð E 575 Glúkónó-delta-lakton	<i>quantum satis</i>
<i>Gehakt</i>	E 330 Sítrónusýra E 331 Natríumsítröt E 332 Kalíumsítröt E 333 Kalsíumsítröt	<i>quantum satis</i>
Pakkað, tilreitt, nýhakkað kjöt	E 300 Askorbínsýra E 301 Natríumaskorbat E 302 Kalsíumaskorbat E 330 Sítrónusýra E 331 Natríumsítröt E 332 Kalíumsítröt E 333 Kalsíumsítröt	<i>quantum satis</i>
Brauð framleitt eingöngu með eftirfarandi innihaldsefnum: hveitimjóli, vatni, ger eða súrdeigi, salti	E 260 Ediksýra E 261 Kalíumasetat  E 262 Natríumasetöt E 263 Kalsíumasetat E 270 Mjólkursýra E 300 Askorbínsýra E 301 Natríumaskorbat E 302 Kalsíumaskorbat E 304 Askorbínsýruestrar af fitusýrum E 322 Lesítín E 325 Natríumlaktat E 326 Kalíumlaktat E 327 Kalsíumlaktat E 471 Mónó- og díglýseríð af fitusýrum E 472a Ediksýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum E 472d Vínsýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum E 472e Mónó- og díasetýlvínsýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum etýlvínsýru E 472f Blandaðir ediksýru- og vinsýruestrar af mónó- og díglýseríðum af fitusýrum	<i>quantum satis</i>

Matvæli	Aukefni	Hámarks magn
<i>Pain courant français</i>	E 260 Ediksýra E 261 Kalíumasetat E 262 Natríumasetöt E 263 Kalsíumasetat E 270 Mjólkursýra E 300 Askorbínsýra E 301 Natríumaskorbat E 302 Kalsíumaskorbat E 304 Askorbínsýruestrar af fitusýrum E 322 Lesítín E 325 Natríumlaktat E 326 Kalíumlaktat E 327 Kalsíumlaktat E 471 Mónó- og díglýserið af fitusýrum	<i>quantum satis</i>
Ferskt pasta	E 270 Mjólkursýra E 300 Askorbínsýra E 301 Natríumaskorbat E 322 Lesítín E 330 Sítrónusýra E 334 Vínsýra E 471 Mónó- og díglýserið af fitusýrum E 575 Glúkónó-delta-lakton	<i>quantum satis</i>
Vín og freyðivín og hlutagerjaður þrúgulögur	Leyfð aukefni:  í samræmi við reglugerðir (EBE) nr. 822/87 <sup>(1)</sup> , (EBE) nr. 4252/88 <sup>(2)</sup> , nr. 2332/92 <sup>(3)</sup> og (EBE) nr. 1873/84 <sup>(4)</sup> og framkvæmdarreglugerðir þeirra,  í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1873/84 sem heimilar að tiltekin innflutt vín, sem kunna að hafa hlotið vínfræðilega vinnslu sem ekki er kveðið á um í reglugerð (EBE) nr. 337/79, séu boðin eða seld beint til neyslu.	<i>pro memoria</i>
Bjór	E 270 Mjólkursýra E 300 Askorbínsýra E 301 Natríumaskorbat E 330 Sítrónusýra E 414 Arabískt gúmmí	<i>quantum satis</i>
<i>Foie gras, foie gras entier, blocs de foie gras</i>	E 300 Askorbínsýra E 301 Natríumaskorbat	<i>quantum satis</i>

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1998, bls. 59.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 176, 3. 7. 1984, bls. 6.

## III. VIÐAUKI

## ROTVERNAREFNI OG ÞRÁAVARNAREFNI HEIMILUÐ MEÐ SKILYRÐUM

## A-HLUTI

## Sorböt, bensóöt og p-hýdroxýbensóöt

E-númer	Heiti	Skammstöfun
E 200	Sorbínsýra	Sa
E 202	Kalíumsorbat	
E 203	Kalsíumsorbat	
E 210	Bensósýra	Ba <sup>(1)</sup>
E 211	Natríumbensóat	
E 212	Kalíumbensóat	
E 213	Kalsíumbensóat	
E 214	Etýl-p-hýdroxýbensóat	PHB
E 215	Natríumetýl-p-hýdroxýbensóat	
E 216	Própýl-p-hýdroxýbensóat	
E 217	Natríumprópýl-p-hýdroxýbensóat	
E 218	Metýl-p-hýdroxýbensóat	
E 219	Natríummetýl-p-hýdroxýbensóat	

<sup>(1)</sup> Heimilt er að hafa bensósýru í tilteknum gerjuðum afurðum sem verða til við gerjunarferli þar sem góðum framleiðsluháttum er fylgt.

*Athugasemd:*

- Magn allra efna, sem nefnd eru hér á undan, er gefið upp sem óbundin sýra
- Skammstafanirnar í töflunni merkja eftirfarandi:
  - Sa + Ba: Sa og Ba notað hvort í sínu lagi eða í samsetningum
  - Sa + PHB: Sa og PHB notað hvort í sínu lagi eða í samsetningum
  - Sa + Ba + PHB: Sa, Ba og PHB hvert í sínu lagi eða í samsetningum.
- Hámarks magn, sem gefið er upp, á við um matvæli sem eru tilbúin til neyslu og eru tilreidd í samræmi við fyrirmæli framleiðenda.



Matvæli	Hámarks magn (mg/kg eða mg/l eftir því sem við á)					
	Sa	Ba	PHB	Sa + Ba	Sa + PHB	Sa + Ba + PHB
Bragðbættar drykkjarvörur, að meginhluta úr víni, einnig vörur sem heyra undir reglugerð (EBE) nr. 1601/91	200					
Óáfengar, bragðbættar drykkjarvörur <sup>(1)</sup>	300	150		250 Sa + 150 Ba		
Teþykki og fljótandi ávaxta- og jurtaseyðisþykki				600		
Þrúgusafi, ógerjaður, til notkunar við kirkjulegar athafnir				2 000		
Vín samkvæmt skilgreiningu í reglugerð (EBE) nr. 822/87 <sup>(2)</sup> ; óáfengt vín; ávaxtavín (einnig óáfengt); <i>Made wine</i> ; epla- og peruvín (einnig óáfengt)	200					
<i>Sod ... Saft</i> eða <i>Sodet ... Saft</i>	500	200				
Óáfengur bjór í tunnu		200				
Mjöður	200					
Brenndir drykkir með minna en 15% alkóhól miðað við rúmmál	200	200		400		
Ravíolí-fyllingar og svipaðar vörur	1 000					
Aldinsulta, aldinhlauð, aldinmök með litlu sykurnihaldi og áþekkar, hitaeningasnauðar eða sykurlausar vörur úr aldinum <i>Mermeladas</i>		500		1 000		
Sykurhúðuð, sykrðuð eða sykurgljáð aldin og grænmeti				1 000		
Þurrkuð aldin	1 000					
<i>Frugtgröð og Rote Grütze</i>	1 000	500				
Adin- og grænmetisblöndur, einnig sósur, að meginhluta úr aldinum, þó ekki mörk, búðingur, (niður)soðnir ávextir, salat og áþekkar afurðir, niðursoðnar í dósir eða krukur	1 000					
Grænmeti í ediki, þekli eða olíu (þó ekki ólífur)				2 000		
Kartöfludeig og forsteiktar kartöflusneiðar	2 000					
<i>Gnocchi</i>	1 000					
<i>Polenta</i>	200					
Ólífur og blöndur, að meginhluta úr ólífum	1 000					
Hlaup yfir kjötafurðir (soðnar, verkaðar eða þurrkaðar); kæfa					1 000	
Yfirborðsmeðferð á þurrkuðum kjötvörum						<i>quantum satis</i>

<sup>(1)</sup> Í þessari færslu eru ekki drykkjarvörur sem eru að meginhluta úr mjólk.

<sup>(2)</sup> Stjórnartíð. nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

Matvæli	Hámarks magn (mg/kg eða mg/l eftir því sem við á)					
	Sa	Ba	PHB	Sa + Ba	Sa + PHB	Sa + Ba + PHB
Fiskvörur, einnig vörur úr fiskhrognum, hálfrotvarðar				2 000		
Saltaður, þurrkaður fiskur				200		
Rækjur, soðnar				2 000		
<i>Crangon crangon</i> og <i>Crangon vulgaris</i> , soðið				6 000		
Ostur, pakkaður, í sneiðum	1 000					
Óþroskaður ostur	1 000					
Bræddur ostur	2 000					
Lagskiptur ostur og ostur með viðbættum matvælum	1 000					
Eftírréttir, að meginhluta úr mjólk, sem eru ekki hitameðhöndlaðir				300		
Yst mjólk	1 000					
Egg í fljótandi formi (eggjahvíta, eggjarauða eða heil egg)				5 000		
Þurrkaðar, óblandaðar, frystar og djúpfrystar eggjaafurðir	1 000					
Pakkað brauð og rúgbrauð í sneiðum	2 000					
Kaffibrauð, hálfbakað og pakkað ætlað til smásölu	2 000					
Fínt kaffibrauð með meira en 0,65 vatnsvirkni	2 000					
Nasl, að meginhluta úr korni eða kartöflum, og húðaðar hnetur					1 000 (hámark 300 PHB)	
Soppa	2 000					
Sælgæti (þó ekki súkkulaði)						1 500 (hámark 300 PHB)
Tyggigúmmí				1 500		
Ofanálág (síróp á pönnukökur, bragðbætt síróp í mjólkurhristing og ís; áþekkar vörur)	1 000					
Ýrðar fitulausnir (þó ekki smjör) með 60% fituinnihaldi eða meira	1 000					
Ýrðar fitulausnir með minna en 60% fituinnihaldi	2 000					
Sósar, ýrðar, með 60% fituinnihaldi eða meira	1 000					

Matvæli	Hámarks magn (mg/kg eða mg/l eftir því sem við á)					
	Sa	Ba	PHB	Sa + Ba	Sa + PHB	Sa + Ba + PHB
Sósur, ýrðar, með minna en 60% fituinnihaldi	2 000					
Sósur, ekki ýrðar				1 000		
Tilbúin salöt				1 500		
Sinnep				1 000		
Kryddblöndur og bragðbætur				1 000		
Fljótandi súpur og soð (þó ekki niðursoðið í dósir)				500		
Bragðbætt hlaup úr kjöt- eða fisksoði	1 000	500				
Fljótandi fæðubótarefni						2 000
Sérfaði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, að undanskildum mat fyrir ungbörn og smábörn, eins og um getur í tilskipun 89/398/EBE <sup>(1)</sup> — næringarblöndur til að stýra þyngd sem eiga að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir				1 500		

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. EB nr. L 186, 30. 6. 1989, bls. 27.

## B-HLUTI

### Brennisteinsdíoxíð og súlfít

E-númer	Heiti
E 220	Brennisteinsdíoxíð
E 221	Natríumsúlfít
E 222	Natríumvetnissúlfít
E 223	Natríummetabísúlfít
E 224	Kalíummetabísúlfít
E 226	Kalsíumsúlfít
E 227	Kalsíumvetnissúlfít
E 228	Kalíumvetnissúlfít

#### Athugasemd:

- Hámarks magn er gefið upp sem SO<sub>2</sub> í mg/kg eða mg/l, eftir því sem við á, og sem heildarmagn hver sem uppruninn er.
- SO<sub>2</sub>-innihald, sem er ekki meira en 10 mg/kg eða 10 mg/l, telst ekki marktækt.

Matvæli	Hámarks magn (mg/kg eða mg/l eftir því sem við á) gefið upp sem SO <sub>2</sub>
<i>Burger meat</i> sem inniheldur að lágmarki 4% grænmeti eða korn	450
<i>Breakfast sausages</i>	450
<i>Longaniza fresca</i> og <i>Butifarra fresca</i>	450
Þurrkaður, saltaður fiskur af þorskaætt	200
Krabbadýr og smokkfiskar og kolkrabbar	150 <sup>(1)</sup>
— ný, fryst og djúpfryst krabbadýr, (ættirnar <i>Penaeidae</i> , <i>Solenoceridae</i> , <i>Aristeidae</i> ):	150 <sup>(1)</sup>
— að 80 einingum	200 <sup>(1)</sup>
